



Dalabyggð

## Minnisblað - 1911028

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Starfshópur um íþróttamannvirki í Búðardal

Efni: *Undirbúningur íþróttamannvirkja í Búðardal, hugmyndavinna arkitekta*

Dags.: 14.04.2021

---

Arkitektastofurnar Alark, Arkís og Arkþing tóku þátt í hugmyndavinnu og skiluðu inn tillögum að uppbyggingu íþróttarmiðstöðvar skv. forskrift og grófri þarfagreiningu. Starfshópurinn hefur yfirfarið tillögurnar og metið eftir forskrift, sjá niðurstöðu á mati í fylgigögnum, og skorar Alark hæst. Niðurstaðan hefur verið send þátttakendum.

Það er ljóst að kostnaðarmat allra tillagna er töluvert yfir þeim upphæðum sem horft hefur verið til í undirbúning verkefnisins og því ljóst að staldra þarf við og endurmeta forsendur þess. Það felur í sér rýni á þarfagreiningu, tillögu Alark og öðrum forsendum og gerð uppfærðrar kostnaðaráætlunar. Við mat á tillögum arkitekta var Verkís til ráðgjafar og sá um gerð kostnaðarmats. Þar eru aðilar sem sérhæfa sig í hönnun og verkefnastjórnun íþróttamannvirkja og eru heppilegir ráðgjafar við áframhaldandi frumhönnun og gerð kostnaðaráætlunar. Að auki vantar afleysingu í umsjón og utanumhald umsjónarmanns framkvæmda í þessu verkefni, sem verður í orlofi eða hlutastarfi næstu misserin.

Aðkoma Verkís yrði í áföngum og gerð yrði tímaáætlun fyrir hvern fyrir sig, staldrað við hverja vörðu og tekin ákvörðun um áframhaldið. Starfshópurinn óskar eftir umboði til að fara í þessa vinnu.

### Tillaga að bókun:

Starfshópur um íþróttamannvirki í Búðardal leggur til að hann fái heimild til að semja við verkfræðistofuna Verkís um ráðgjöf og vinnu við verkefnastjórnun og frumhönnun íþróttamannvirkja. Niðurstaða frumhönnunar verður lögð fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar áður en farið verður í forhönnun og arkitekt og fleiri ráðgjafar fengnir að verkefninu.